

Miðvikudaginn 18. janúar 1995.

Nr. 6/1995.

Sigurgeir Sigurðsson

(Einar Gautur Steingrímsson hdl.)

gegn

Guðmundi Davíðssyni

(Valgeir Kristinsson hrl.)

Kærumál. Víxlar. Frávísunarúrskurður staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 28. desember 1994, sem barst réttinum með kærumálgögnum 5. janúar síðastliðinn. Um kæruheimild er vísað til j-liðar 1. mgr. 143 gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur, og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, hefur sóknaraðili lagt fram í málinu öll sömu gögn sem lögð voru til grundvallar í máli því, er hann höfðaði áður gegn varnaraðila vegna sama sakarefnis sem hér er til úrlausnar og dæmt var með dómi Hæstaréttar 30. september 1993. Er á það fallist með héraðsdómara, að þau gögn, sem til viðbótar hinum fyrri hafa nú verið lögð fram, nægi ekki til að bæta úr þeim annmörkum, sem fyrir voru, og að málið sé því enn svo vanreifað af hálfu sóknaraðila, að efnisdómur verði ekki á það lagður.

Samkvæmt þessu verður hinn kærði úrskurður staðfestur að niðurstöðu til.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 14. desember 1994.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar um frávísunarkröfu stefnda 2. nóvember sl., var þingfest 17. febrúar 1994. Það er höfðað af Sigurgeiri Sigurðssyni, kt. 310152-3829, Hverfisgötu 32, Hafnarfirði, á hendur Guðmundi Davíðssyni, kt. 100740-4789, Hólabergi 36, Reykjavík, til greiðslu á 330.211,40 kr. auk vanskilavaxta samkvæmt 10. gr., sbr. 12. gr. vaxtalaga, frá 14. janúar 1988 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Pá krefst stefnandi þess, að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið og sér dæmdur málskostnaður í þeim þætti málsins.

Af hálfu stefnda er aðallega krafist frávísunar málsins, en til vara sýknu eða lækkunar á stefnukröfum auk málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins ásamt virðisaukaskatti og dráttarvöxtum að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Í þessum þætti málsins er aðeins fjallað um frávísunarkröfu stefnda.

Málsatvik.

Stefnukrafan er til greiðslu á tveimur víxlum, að fjárhæð 180.094 kr. og 130.000 kr., út gefnum í Hafnarfirði 9. okt. 1987 og 3. nóv. 1987 með gjalddögum 29. nóv. 1987 og 18. des. 1987, báðum til greiðslu í Sparisjóði Hafnarfjarðar, Hafnarfirði, af S. Sigurðssyni hf., kt. 530483-0539, báðum samþykktum af stefnda, báðum framseldum af útgefanda og ábektum af stefnanda, báðum innleystum 14. jan. 1988 með 194.601,40 kr. og 135.610 kr. Víxlarnir eru „án afsagnar“ og framsöl eyðuframsöl.

Höfðað var áskorunarmál til innheimtu víxlanna fyrir bæjarþingi Hafnarfjarðar 4. sept. 1990 og dómur kveðinn upp 19. des. 1990. Héraðsdóminum var áfrýjað til Hæstaréttar Íslands og dómur þar kveðinn upp 30. sept. 1993, þar sem hinn áfrýjaði dómur var ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Ástæður ómerkingarinnar voru þær, að stefnandi hafði ýmist haldið því fram að hafa keypt víxlana af S. Sigurðssyni hf. 30. ágúst 1988, eftir að víxlarnir voru greiddir í banka 14. janúar sama ár, eða að stefnandi hefði sjálfur innleyst víxlana samkvæmt áritun á bakhlið þeirra. Pá segir í dóminum: „Víxlarnir þera ekki með sér framsal hlutafélagsins eftir innlausn þeirra. Við meðferð málsins í héraði var engra frekari gagna aflað um það, hver hefði í raun innleyst víxlana í bankanum, og engar skýrslur voru teknar um þetta málsefni. Eins og máli þessu er háttað, verður að telja, að svo veigamiklar upplýsingar skorti, að um vanreifun af hálfu stefnanda í héraði hafi verið að ræða, sem leiða hefði átt til frávísunar málsins.“

— — —

Niðurstaða.

Mál þetta er höfðað sem víxilmál samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991. Þar sem varnir stefnda eru takmarkaðar í slíku máli, eru gerðar meiri kröfur til, að málatilbúnaður stefnanda sé skýr og ótvíræður.

Stefnandi hefur ekki lögformlega heimild til víxla þeirra, er hann reisir á málatilbúnað sinn, þar sem S. Sigurðsson hf. hefur ekki framselt víxlana, eftir að þeir voru innleystir 14. janúar 1988, hvorki með áritun á þá sjálfa né með öðru móti, sem sýnt hefur verið fram á, með sannanlegum hætti. Þá hefur stefnandi ekki sýnt fram á, að líkur séu fyrir því, að hann geti sannað framsal með skýrslum fyrir dómi. Ljóst er, að slíkri sönnun verður ekki fullnægt með aðilaskýrslu stefnanda.

Um eignarheimild sína vísar stefnandi til kvittunar, sem dagsett er 30. ágúst 1988. Samkvæmt henni kaupir stefnandi þrjá víxla af S. Sigurðssyni hf. fyrir 454.601 kr. og þetta „færist á Reikn. Sigurgeirs“. Þar af eru taldir tveir víxlar, sem samsvara þeim víxlum, er mál þetta varðar. Dómskjal þetta var einnig í gögnum málsins fyrir Hæstarétti, sbr. bls. 33 í dómsgerðum, og hefur Hæstiréttur því ekki talið það vera fullnægjandi sönnun fyrir framsali víxlanna til stefnanda að víxilrétti. Ekki verður séð, hvernig viðskiptayfirlit það, sem stefnandi hefur lagt fram í þessu máli, styður framangreint skjal, þar sem ekkert í texta yfirlitsins tengir það við S. Sigurðsson hf.; færsla nr. 336, sem vísað er til, er gerð 15. október 1989, rúmu ári eftir að viðskiptin áttu að fara fram, og fjárhæð færslunnar 463.273,10 kr. samsvarar ekki kröfunni. Sú skýring, sem fram kom í málflutningi, að inni í þessari fjárhæð væru vanskilavextir, er vanreifuð. Þá segir í stefnu, að stefnandi hafi ekki bókhald félagsins (S. Sigurðssonar hf.) undir höndum, því að það hafi verið úrskurðað gjaldþrota 16. júlí 1990. Kveðst hann munu gera allt, sem í hans valdi standi, til að afla bókhaldsgagna um þetta atriði svo fljótt sem verða megir. Engum slíkum gögnum hefur verið komið á framfæri.

Pegar allt þetta er virt, þykir stefnandi ekki hafa bætt úr þeim annmörkum, sem Hæstiréttur fann á málinu, svo að fullnægjandi sé, né sýnt fram á heimild sína til víxlanna að víxilrétti, en hann reisir málsókn sína á XVII. kafla laga nr. 91/1991. Þykir því verða að vísa víxilmáli þessu frá dómi að kröfu stefnda.

Rétt þykir, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, 50.000 kr., og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Úrskurðinn kveður upp Hjördís Hákonardóttir héraðsdómari, en uppsaga hans hefur dregist nokkuð vegna annarra embættisanna dómara.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Víxilmáli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Sigurgeir Sigurðsson, greiði stefnda, Guðmundi Davíðs-
syni, 50.000 kr. í málskostnað.
